

Nissan LEAF
Nissan ARIYA

ÁBYRGÐARSKILMÁLAR – ÞJÓNUSTUBÓK

zero Emission

Vinsamlegast límið ábyrgðarskírteini hér

Límið viðhaldsáætlun hér

Límið viðhaldsáætlun hér

Límið hér viðhaldsáætlun vegna krefjandi aðstæðna

EVRÓPSKIR ÁBYRGÐARSKILMÁLAR FYRIR RAFBÍLA

Ábyrgðarskilmálarnir gilda þar sem er að finna viðurkennda söluaðila fyrir Nissan rafbíla.

EVRÓPSKIR ÁBYRGÐARSKILMÁLAR NISSAN FYRIR RAFBÍLA (Samantekt - skoðið ákveðna ábyrgðarskilmála á númeruðum síðum).	Ábyrgðartími hefst þegar bíll er skráður og tekur mið af aldri eða kílómetrastöðu hvort sem kemur á undan	
	ÁR	KÍLÓMETRAR
GRUNNÁBYRGÐ Gildir fyrir þá hluti sem ekki tengjast rafbíl sérstaklega - nánari upplýsingar á síðu 5	3	100.000
FRAMLENGD ÁBYRGÐ Framlengd ábyrgð fyrir þá hluti sem ekki tengjast rafbíl sérstaklega - Nánari upplýsingar á síðu 33	5	150.000
ÁBYRGÐ RAFBÍLA Gildir fyrir þá háspennuíhluti sem tengjast rafbíl sérstaklega - nánari upplýsingar á síðu 5	5	100.000
ÁBYRGÐ RAFHLÖÐU (LI-ION) VEGNA HLEÐSLUTAPS Gildir fyrir þá hluti(a) sem tengjast rafbíl sérstaklega - nánari upplýsingar á síðu 5	8	160.000
VEGAAÐSTOÐ NISSAN Nánari upplýsingar á síðum 5 og 10	5	150.000
LAKKÁBYRGÐ Gildir um lakk yfirbyggingar - nánari upplýsingar á síðu 6	3	ÓTAKMÖRKUÐ
ÁBYRGÐ VEGNA GEGNUMRYÐS Gildir um gegnumryð innanfrá - nánari upplýsingar á síðu 6	12	ÓTAKMÖRKUÐ
ÁBYRGÐ FYRIR VARA- OG AUKAHLUTI Gildir um alla NISSAN vara- og aukahluti - nánari upplýsingar á síðu 6	2	ÓTAKMÖRKUÐ

Ábyrgðarskilmálar NISSAN í Evrópu hafa ekki áhrif á lögbundinn rétt viðskiptavina samkvæmt kaupalögum.

YFIRLIT

1. ÁBYRGÐARSKÍRTEINI _____ I

2. VIÐHALDSÁÆTLUN _____ III

3. EVRÓPSKIR ÁBYRGÐARSKILMÁLAR FYRIR RAFBÍLA _____ 3

   3.1 Grunnábyrgð _____ 3

   3.2 Rafbílaábyrgð _____ 3

   3.3 Dráttarbílaþjónusta _____ 3

   3.4 Vegaaðstoð Nissan (rafbílar) _____ 3

   3.5 Milli landa með rafbílinn _____ 3

   3.6 Evrópulönd sem ábyrgðin gildir í _ 3

   3.7 Lakkábyrgð _____ 4

   3.8 Ábyrgð vegna gegnumryðs _____ 4

   3.9 Ábyrgð Nissan vara- og aukahluta __ 4

   3.10 Ábyrgð á rafhlöðu v. hleðslutaps ___ 4

4. ÞETTA ÞARFTU AÐ VITA UM EVRÓPSKA ÁBYRGÐARSKILMÁLA FYRIR NISSAN RAFBÍLA _____ 5

   4.1 Dekk _____ 5

   4.2 12V rafhlaðan _____ 5

   4.3 Aðal rafhlaðan (LI-ION) _____ 5

   4.4 Forskoðun fyrir sölu _____ 5

   4.5 Reglubundið viðhald _____ 5

   4.6 Söluaðili rafbíla _____ 5

   4.7 Nissan vara- og aukahlutir _____ 5

   4.8 Ábyrgðarþjónusta erlendis _____ 5

   4.9 Breytingar á hönnun _____ 5

   4.10 Undanskilið ábyrgð _____ 6

   4.11 Það sem við gerum _____ 6

   4.12 Það sem þú átt að gera _____ 6-7

5. NISSAN VEGAAÐSTOÐ _____ 8

6. TIL VIÐURKENNDS SÖLUAÐILA NISSAN RAFBÍLA ERLENDIS _____ 09-10

7. BILUNARVOTTORÐ _____ 11

8. ENDURGREIÐSLUKVITTUN FERÐALAGAAÐSTOÐAR _____ 12

9. UPPLÝSINGAR UM VIÐHALD OG ÞJÓNUSTU _____ 13-15

   9.1 Almennt viðhald _____ 13-14

   9.2 Reglubundið viðhald _____ 15

   9.3 Viðhald við krefjandi aðstæður __ 15

10. VIÐHALDSSAGA _____ 16-20

11. ÁRLEG SKOÐUNARSKÝRSLA ____ 20-28

12. ÞJÓNUSTA VIÐ VIÐSKIPTAVINI _____ 29

14. HEIMILISFANG ÁBYRGÐARAÐILA ___ 29

14. BREYTING Á KÍLÓMETRASTÖÐU ____ 30

15. SKIPT UM LI-ION RAFHLÖÐU ____ 31-32

16. FRAMLENGD ÁBYRGÐ _____ 33

3. UPPLÝSINGAR UM EVRÓPUÁBYRGÐ NISSAN RAFBÍLA

Viðurkenndir sölu- og þjónustuaðilar Nissan rafbíla gera við eða skipta endurgjaldslaust um þá íhluti eða þætti, er fjallað er um hér að neðan, sem reynast hafa framleiðslu- eða efnisgalla, þó aðeins innan þeirra tímamarka eða kílómetrafjölda og sem tilgreindur er hér að neðan. Íhlutir og hlutar rafbíls sem ábyrgðin nær ekki yfir eru taldir upp í kafla 4.10 „Undanskilið ábyrgð“. Hver sölu- og þjónustuaðili fyrir sig ákveður hvernig gert er við eða skipt um. Ábyrgðarskilmálar Nissan rafbíla rýra ekki þau almennu réttindi sem kaupandi öðlast við undirritun kaupsamnings Nissan rafbíls. Bifreiðar frá öðrum markaðssvæðum utan Evrópu eru ekki í ábyrgð á Íslandi.

3.1 GRUNNÁBYRGÐ 3ÁR

Grunnábyrgðin nær til allra íhluta og hluta Nissan rafbíla, annarra en slithluta, sem reynast hafa framleiðslu- eða efnisgalla. Ábyrgðin gildir í 3 ár frá fyrsta skráningardegi bílsins eða að 100.000 km, hvort sem kemur á undan.

3.2 FRAMLENGD ÁBYRGÐ (2 auka ár)

Frekari upplýsingar um framlengda ábyrgð má finna á **www.nissan.is** eða skilmála á bls. 33

3.3 RAFBÍLAÁBYRGÐ

Rafbílaábyrgðin nær til allra íhluta og hluta Nissan rafbíla sem teljast til hins sérstaka rafhluta Nissan rafbílsins og reynast hafa framleiðslu- eða efnisgalla. Ábyrgðin gildir í 5 ár frá fyrsta skráningardegi eða 100.000 km, hvort sem á undan kemur.

1. LI-ION rafhlaðan (rafbílarafhlaðan)
2. Rafmótorinn
3. Straumbreytir
4. Stýritölva (Vehicle Control Module – VCM)
5. Niðurfærslugír
6. PDM (Power Delivery Module)
7. Hleðslutengill og barki

Ábyrgð gegn rýmdartapi á rafhlöðu er 8 ár eða 160.000 km hvort sem kemur fyrr ef mælaborð sýnir 8 strik eða minna (e. below 9 bars).

3.4 DRÁTTARBÍLAÞJÓNUSTA

Á ábyrgðartíma nýs ökutækis er innifalin dráttarþjónusta til næsta viðurkennda þjónustuaðila Nissan rafbíla eða flutningur að næstu hleðslustöð, ef ökutækið bilar vegna galla sem ábyrgðin nær til, eiganda ökutækisins að kostnaðarlausu.

3.5 VEGAAÐSTOÐ NISSAN (RAFBÍLAR)

Grunnþjónusta
Ef Nissan rafbíll verður fyrir óvæntu stoppi/bilun sem fellur undir ábyrgð bílsins, mun næsti viðurkenndi þjónustuaðili rafbílsins skipuleggja dráttarbílaþjónustu til að sækja bílinn og koma honum til sölu- og þjónustuaðila Nissan rafbíla eða flytja á næstu hleðslustöð eftir því sem við á.

Eftir að Nissan rafbíllinn hefur verið fluttur til næsta viðurkennda þjónustuaðila Nissan rafbíla og í ljós kemur að ekki er hægt að gera við hann samdægurs tekur við Evrópuábyrgð Nissan fyrir rafbíla og sér um að greiða götu eiganda/notanda rafbílsins samkvæmt nánari upplýsingum sem er að finna í kafla 5.

3.6 MILLI LANDA MEÐ RAFBÍLINN

NISSAN rafbíllinn var framleiddur til að mæta gildandi reglum og umhverfislögum þess lands sem hann var upphaflega seldur í. Ef þú ferð með rafbílinn þinn til annars Evrópulands getur Nissan ekki ábyrgst að bíllinn standist gildandi kröfur þess lands.
Ef þú ferð með Nissan rafbíl til annarra landa þar sem ekki er að finna viðurkenndan þjónustuaðila Nissan rafbíla munt þú ekki geta fengið ábyrgðarþjónustu framkvæmda samkvæmt gildandi ábyrgðarskilmálum (sjá nánar í kafla 3.6 um rafbíla í löndum Evrópu).

3.7 NISSAN RAFBÍLAR Í EVRÓPU

Rafbílaábyrgð og vegaaðstoð Nissan er til staðar í þeim Evrópulöndum sem talin eru upp hér að neðan. Vegaaðstoðin stendur til boða 24 tíma sólarhringsins, allt árið um kring, í þessum löndum;

Andorra, Austurríki, Belgía, Tékkland, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland*, Þýskaland, Grikkland, Ungverjaland, Ísland, Ítalía, Lichtenstein, Litháen, Lettland, Luxemburg, Monaco, Holland, Noregur, Pólland, Portúgal, San Marino, Slóvakía, Spánn, Svíþjóð, Stóra-Bretland, Vatíkanið
* Gildir ekki fyrir franskar nýlendur utan Evrópu

3.8 LAKKÁBYRGÐ

Lakkábyrgðin gildir fyrir alla galla í lakki yfirbyggingar (þó ekki undirvagni) af völdum framleiðslu- eða efnisgalla. Ábyrgðin gildir í 3 ár frá fyrsta skráningardegi, óháð eknum kílómetrum.

3.9 ÁBYRGÐ VEGNA GEGNUMRYÐS

Ábyrgðin um gegnumryð gildir fyrir málmplötuþil í yfirbyggingu sem ryðga í gegn innanfrá vegna framleiðslu- eða efnisgalla. Gildistími ábyrgðar á gegnumryði eru 12 ár frá fyrsta skráningardegi, óháð eknum kílómetrum. Þessi ábyrgð er háð því að ökutækið sé skoðað í samræmi við skoðunaráætlunina á bls. 24-32 og að viðgerðir, ef nauðsynlegar, séu framkvæmdar af viðurkenndum þjónustuaðila Nissan.

3.10 ÁBYRGÐ VARA- OG AUKAHLUTA

Nissan Europe S.A.S. veitir ábyrgð á því að Nissan vara- og aukahlutir sem viðurkenndir sölu- og þjónustuaðilar Nissan rafbíla setja í Nissan rafbílinn þinn séu lausir við framleiðslu- og efnisgalla. Ábyrgð á vara- og aukahlutum nær til íhluta sem eigandi Nissan ökutækis kaupir og lætur setja í það hjá viðurkenndum söluaðila/þjónustuaðila Nissan rafbíla. Ábyrgðin gildir í tvö ár eftir ísetningu, óháð eknum kílómetrum. Ábyrgð á vara- eða aukahlutum rennur þó ekki út á undan ábyrgð á nýju ökutæki ef ökutækið sem vara- eða aukahlutur er settur í er enn í ábyrgð nýrra ökutækja. Ef viðskiptavinur vill nýta sér þessa ábyrgð verður hann að framvísa kvittun til sönnunar á dagsetningu ísetningar á íhlut. Ísetning vara- og aukahlutar framlengir ekki upprunalega ábyrgð bílsins.

3.11 ÁBYRGÐ RAFHLÖÐU (LI-ION) VEGNA HLEÐSLUTAPS

Til viðbótar grunnábyrgð Nissan rafbíla sem nær til framleiðslu- og efnisgalla fylgir Nissan rafbílum einnig ábyrgð gegn hleðslutapi á aðalrafhlöðu bílsins (LI-ION). Ábyrgðin nær yfir 8 ár eða 160.000 km hvort sem á undan kemur og nær til nauðsynlegra viðgerða á rafhlöðunni þannig að hleðslumælir bílsins, fyrir rafhlöðuna (LI-ION), sem er í mælaborði bílsins sýni fulla hleðslugetu. Ábyrgð gegn hleðslutapi er háð þeim skilyrðum og undantekningum sem tilteknar eru í kaflanum „undanskilið ábyrgð"

4. ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARF AÐ VITA UM EVRÓPSKA ÁBYRGÐ NISSAN RAFBÍLA

4.1 DEKK

Hjólbarðar eru í ábyrgð hjá framleiðanda þeirra, jafnvel þótt þeir fylgi nýjum Nissan ökutækjum. Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Nissan mun aðstoða þig við að útbúa ábyrgðarkröfu vegna hjólbarða ef með þarf.

4.2 12V RAFHLAÐAN

Ábyrgð 12V rafhlöðunnar tilheyrir grunnábyrgð bílsins.

4.3 AÐAL RAFHLAÐAN (LI-ION)

Ábyrgð rafbíla-rafhlöðunnar (LI-ION) fellur undir sérstaka rafbílaábyrgð bílsins. Hleðsla rafhlöðunnar eyðist þegar bíllin er í akstri. Þegar spenna rafhlöðunnar fellur niður fyrir ákveðin lágmarksmörk kemur merki um það á spennumæli í mælaborði bílsins (sjá nánar í eigandahandbók) og þá er nauðsynlegt að endurhlaða rafgeyminn hið snarasta. Spennumælirinn gefur ekki neitt til kynna um ábyrgðargalla í rafhlöðu heldur einungis hvenær þarf að endurhlaða rafhlöðuna. Ef að á spennumælinum logar ljós eftir að búið er að hlaða rafgeyminn þarf að hafa samband við viðurkenndan þjónustuaðila Nissan rafbíla.

Komi upp bilun í rafgeymi kviknar ljós í mælaborði sem vísar til bilunnar (sjá nánar í eigandahandbók). Hafið tafarlaust samband við næsta viðurkennda þjónustuaðila Nissan rafbíla sem kannar málið betur og lagar sé þess þörf.

4.4 FORSKOÐUN FYRIR SÖLU

Til að tryggja ánægju þína með nýja Nissan rafbílinn frá byrjun er hann skoðaður gaumgæfilega og undirbúinn fyrir afhendingu samkvæmt skilgreindu verklagi fyrir Nissan rafbíla.

4.5 REGLUBUNDIÐ VIÐHALD

Reglubundið viðhald er grunnskilyrði ábyrgðar. Það ber að framkvæma í samræmi við viðhaldsáætlunina sem Nissan leggur til. Vera kann að viðbótarviðhalds-þjónustu sé þörf þar sem veðurfar, mismunandi aksturs skilyrði, notkun ökutækis og einstaklings-bundnar ökuvenjur geta haft áhrif á þörfina á slíkri þjónustu.

Viðhald getur komið í veg fyrir óvænt skakkaföll auk þess sem það eykur verðgildi bílsins. Við hvetjum þig til að koma með bílinn þinn reglulega í viðhaldsskoðun til okkar því þannig þjónar hann þér best. Einnig má benda á að viðhald skiptir miklu máli varðandi endursöluverð á bílnum.

Nissan bílnum fylgir 5 ára ábyrgð eða upp að 150.000 km. akstri, hvort sem kemur fyrst. Til þess að ábyrgðin haldi sér er nauðsynlegt að koma með bílinn til eftirlits og viðhalds árlega eða á 15.000 km. fresti.

Nauðsynlegt er að koma með bílinn í reglulegt eftirlit ef þú vilt að hann veiti þér hámarks afköst. Jafnframt viðheldur það ábyrgðinni á bílnum og getur aukið verðgildi bílsins

4.6 SÖLUAÐILI RAFBÍLA

Til að viðhalda verksmiðjuábyrgð rafbílsins er nauðsynlegt að viðurkenndur þjónustuaðili Nissan rafbíla framkvæmi viðhaldsþjónustuna. Viðurkenndir þjónustuaðilar Nissan rafbíla hafa þar til gerðan tækjabúnað og eru sérþjálfaðir í þjónustu rafbíla.

4.7 NISSAN VARA- OG AUKAHLUTIR

Nissan vara- og aukahlutir eru framleiddir af eða fyrir Nissan til notkunar í Nissan ökutækjum. Notkun þeirra er nauðsynleg til að tryggja öruggan akstur og minni rekstrarkostnað. Ábyrgð Nissan nær einungis til Nissan vara- og aukahluta.

4.8 ÁBYRGÐARÞJÓNUSTA ERLENDIS

Ábyrgðarskilmálar Nissan í Evrópu gilda í þeim Evrópulöndum þar sem viðurkenndir söluaðilar Nissan rafbíla eru staðsettir. Þessari ábyrgðar- og þjónustubók þarf að framvísa hjá viðurkenndum þjónustuaðila Nissan þegar viðgerðar sem ábyrgðartryggingin nær til er þörf, hvort sem er á Íslandi eða erlendis. Því er nauðsynlegt að geyma bókina ávallt í ökutækinu. Í henni er að finna leiðbeiningar í kafla 6 fyrir erlenda söluaðila á nokkrum tungumálum. Þetta getur komið sér vel þegar þörf er á ábyrgðarviðgerð erlendis.

4.9 HÖNNUNARBREYTINGAR

Nissan áskilur sér rétt til að gera breytingar á hönnun eða tæknilýsingu allra Nissan ökutækja án fyrirvara og nokkurra skuldbindinga um að gera slíkar breytingar á ökutækjum sem eru þegar seld.

4.10 UNDANSKILIÐ ÁBYRGÐA

1. Hjólbarðar eru á ábyrgð framleiðenda þeirra. Sjá nánari upplýsingar í kafla 4.1

2. Allir varahlutir, aukahlutir og búnaður sem eru ekki frá Nissan.

3. Kostnaður vegna varahluta eða vinnu tengdri nauðsynlegu eða ráðlögðu viðhaldi, til dæmis, en ekki einskorðað við, jafnvægisstillingu hjóla, stillingu hjólhorna, vélarstillingu, stillingu aðalljósa og endurnýjun á ljósaperum, kertum, reimum, kúplingshlutum, bremsudiskum eða -skálum, bremsuklossum, síum, rúðuþurrkum, vökvum eða smurefnum.

4. Skemmdir, bilanir eða ryð vegna:
- Misnotkunar, slysa, þjófnaðar, íkveikju eða skemmda af yfirlögðu ráði.
- Iðnaðarmengunar, sýru- eða alkalimengunar, grjótskemmda, efnamengunar, trjákvoðu, fugladrits, salts, hagléls, storma, eldinga eða annarra umhverfisþátta.
- Misbrests á því að farið sé eftir viðeigandi leiðbeiningum í eigandahandbókinni og kaflanum „Það sem þú átt að gera“ í þessari ábyrgðar- og þjónustubók.
- Misbrests á því að setja ökutækið í viðgerð við fyrsta tækifæri eftir að galli kemur í ljós.
- Skorts á fullnægjandi viðhaldsþjónustu skv. þessari ábyrgðar- og þjónustubók.
- Viðgerða sem ekki eru framkvæmdar af viðurkenndum þjónustuaðila Nissan.
- Breytinga eða ófullnægjandi viðgerða.
- Notkunar á óviðeigandi eða menguðu eldsneyti, vökvum eða smurefni.

Til viðbótar: skaði sem LI-ION rafhlaðan getur orðið fyrir vegna, eða orsakast af;

- Að bíllinn standi í hitastigi yfir 50°C (120°F) í meira enn 24 tíma.
- Að bíllinn sé notaður í hitastigi undir -25°C (113°F) í meira en sjö daga.
- Að bíllinn standi í meira en 14 daga þannig að LI-ION rafhlaðan fari niður undir núll í hleðslu.
- Að LI-ION rafhlaðan verði fyrir sjáanlegum skemmdum sem orsakast af t.a.m. fikti eða öðrum orsökum og leiða til minnkunar á hleðslugetu og styttingu líftíma.
- Að LI-ION rafhlaðan lendi í opnum eldi
- Að litium ion-rafhlaðan sé hlaðin daglega þrátt fyrir að hleðslumælirinn sýni háa hleðslu (98-100%) og hafi þar af leiðandi ekki þörf fyrir hleðslu.
- Að sökkva LI-ION rafhlöðunni, hlutum hennar í vatn eða annan lög
- Að opnað sé lokið yfir LI-ION rafhlöðunni af öðrum en viðurkenndum viðgerðaraðila fyrir Nissan rafbíla.
- Að ranglega sé staðið að hleðslu.
- Að ekki sé notað rétt hleðslutæki.
- Skemmdum sem verða vegna annara óhappa.

5. Eðlilegt slit á áklæðum, lakki eða öðrum útlitsþáttum.

6. Hvert það ökutæki sem kílómetramælinum hefur verið breytt eða um hann skipt, þannig að álestur hans stangast á við þá vegalengd sem ökutækinu hefur í raun verið ekið, án opinberrar skráningar í ábyrgðarskírteinið (á innsíðu þessarar ábyrgðar- og þjónustubókar), eða þar sem verksmiðju- og/eða vélarnúmeri hefur verið breytt eða það fjarlægt.

7. Tilfallandi eða afleiddar skemmdir, s.s. að ekki er hægt að nota ökutækið, óþægindi eða viðskiptatap.

8. HLEÐSLUTAP
LI-ION rafhlaðan (akstursrafhlaðan), mun á sama hátt og allar LI-ION rafhlöður verða fyrir einhverju hleðslutapi yfir líftímann. Jafnt hleðslutap sem ætla má að verði með tíð og tíma er EKKI í ábyrgð umfram það sem tilgreint er í kafla 3 (grein 3.10). Í eigandahandók bílsins er að finna upplýsingar um hvernig best megi viðhalda eðlilegum líftíma LI-ION rafhlöðunnar.

4.11 ÞAÐ SEM VIÐ GERUM

Allir gallar sem ábyrgðartrygging nær yfir eru lagfærðir af viðurkenndum þjónustuaðila Nissan þér að kostnaðarlausu varðandi vinnu eða varahluti innan þeirra marka sem tilgreind eru í þessari ábyrgðar- og þjónustubók.

4.12 ÞAÐ SEM ÞÚ ÁTT AÐ GERA

1. Nota, viðhalda og annast ökutæki þitt á viðeigandi hátt eins og útlistað er í þessari ábyrgðar- og þjónustubók og eigandahandbókinni.

2. Koma ökutækinu á eigin kostnað til viðurkennds þjónustuaðila Nissan rafbíla á venjulegum vinnutíma til að fá ábyrgðarþjónustu.

3. Athuga hvort gallar séu í áklæðum, lakki og öðrum útlitsþáttum þegar þú færð ökutækið afhent og tilkynna söluaðila samstundis.

4. Geyma gögn um viðhaldsþjónustu til að geta brugðist við spurningum sem vakna varðandi viðhald ökutækisins. Hvað viðkemur ábyrgðarskilmálum á Nissan vara- og aukahlutum skaltu geyma öll gögn og kvittanir yfir þá hluti sem settir hafa verið í ökutækið.

5. Hvað viðkemur lakk- og gegnumryðsábyrgðum verður að auki að gera eftirfarandi:

- Lesa vandlega og fara eftir leiðbeiningum um umhirðu og viðhald ökutækisins í eigandahandbókinni;
- Láta framkvæma árlega lakkskoðun og skrá hana í kafla 11.
- Þvo og bóna ökutækið reglulega; fjarlægja tafarlaust salt, sand, ísbræðsluefni, vega- og olíutjöru, trjákvoðu, fugladrit og önnur hugsanlega skaðleg efni sem festast við ökutækið.
- Lagfæra um leið allar yfirborðsskemmdir á þinn kostnað.

5. NISSAN VEGAAÐSTOÐ FYRIR RAFBÍLA

Öllum Nissan rafbílum fylgir vegaaðstoð sem eigendur hafa aðgang að 24 tíma, 365 daga á ári, á ábyrgðartíma nýja Nissan rafbílsins. Nissan vegaaðstoðin er viðbót við hefðbundna ábyrgðarskilmála. Nissan vegaaðstoðin er þér að kostnaðarlausu og gildir í þeim löndum Evrópu þar sem er að finna viðurkennda söluaðila Nissan rafbíla.

· Nánari upplýsingar um hvað innifalið er í Nissan vegaaðstoðinni er að finna í bæklingi um Nissan vegaaðstoð.
· Gildistími Nissan vegaaðstoðarinnar er þrjú ár og miðast við fyrsta skráningardag bílsins.
· Símanúmer Nissan vegaaðstoðarinnar er 800 9000 á Íslandi og +354 570 9099 ef hringt er frá útlöndum.

6. TIL VIÐURKENNDS SÖLUAÐILA NISSAN RAFBÍLA ERLENDIS

ENGLISH

To the Electrical Vehicle authorised NISSAN Dealer.

Warranty Repair:
This foreign registered vehicle is warranted under Basic vehicle warranty for the period and mileage mentioned on page 1. If the vehicle is inside Basic vehicle warranty, any necessary warranty repair the driver requests must be carried out free of charge to him or her. In case of doubt, please contact the distributor in your country.

Roadside Assistance:
If the warranty repair is essential for a safe continuation of the journey, and the repair cannot be completed the same day, observe the following procedure: Fill out and sign the breakdown certificate printed on page 15, so that the driver can make use of NISSAN Pan Europe Service.

DEUTSCH

An Vertragshändler für NISSAN-Elektrofahrzeuge.

Garantiereparatur:
Für dieses im Ausland zugelassene Fahrzeug gilt die Standard-Fahrzeuggarantie für den auf Seite 1 angegebenen Zeitraum und die angegebene Kilometerzahl. Fällt das Fahrzeug noch unter die Standard-Fahrzeuggarantie, so müssen alle vom Kunden verlangten notwendigen und unter Garantie stehenden Reparaturen kostenlos durchgeführt werden. Wenden Sie sich im Zweifelsfalle an den Vertriebspartner in Ihrem Land.

Touring Assistance:
Ist die zu gewährleistende Reparatur für eine sichere Weiterfahrt unumgänglich, und die Reparatur kann nicht am selben Tag beendet werden, ist folgendermaßen vorzugehen: Füllen Sie das auf Seite 15 abgedruckte Pannenprotokoll aus und unterschreiben es, sodass der Fahrer die Hilfe der Pan Europe Touring Assistance in Anspruch nehmen kann.

FRANÇAIS

Au réparateur agréé NISSAN véhicules électriques.

Réparation sous garantie:
ce véhicule immatriculé à l'étranger est couvert par la Garantie basique du véhicule pour la durée et le kilométrage mentionnés à la page 1. Si le véhicule est sous la Garantie basique du véhicule, toute réparation sous garantie nécessaire et réclamée par le client devra être effectuée gratuitement. Dans le doute, veuillez contacter NISSAN.

Assistance routière:
Si la réparation sous garantie s'avère indispensable pour la poursuite du trajet en toute sécurité, et que ces réparations ne peuvent être effectuées en une journée, veuillez suivre la procédure suivante: remplissez puis signez le certificat de panne imprimé à la page 15.
Ainsi, le conducteur pourra bénéficier de l'Assistance routière Paneuropéenne NISSAN.

ESPAÑOL

Al Concesionario Autorizado NISSAN para vehículos eléctricos.

Reparación en periodo de garantía:
Este vehículo matriculado en el extranjero está cubierto por la garantía básica del vehículo durante el periodo de tiempo y el kilometraje indicados en la página 1.
Si el vehículo se encuentra dentro del periodo de validez de la garantía básica del vehículo, cualquier reparación necesaria asociada a la garantía que el conductor solicite deberá efectuarse gratuitamente. Para consultar cualquier duda, contacte por favor con el distribuidor de su país.

Asistencia en ruta:
Si para continuar el viaje de forma segura es esencial una reparación en garantía, y se prevé que la reparación no puede ser concluida el mismo día, siga el procedimiento que se indica a continuación: rellene la declaración de avería impresa en la página 15, de forma que el conductor pueda hacer uso de la Asistencia Europea en Ruta.

ITALIANO

Al concessionario autorizzato di veicoli elettrici NISSAN.

Riparazioni in garanzia:
Questo veicolo immatricolato all'estero è coperto dalla Garanzia base del veicolo per il periodo e il chilometraggio indicati a pagina 1.
Se il veicolo rientra nelle condizioni previste dalla Garanzia base del veicolo, eventuali riparazioni necessarie richieste dal guidatore dovranno essere effettuate senza alcun addebito a suo carico. In caso di dubbio, si prega contattare il Distributore nazionale.

Assistenza ai Turisti:
Se la riparazione in garanzia è essenziale per una sicura prosecuzione del viaggio e non può essere completata in giornata, si consiglia di seguire la seguente procedura: compilare e firmare il "Certificato di fermo macchina" riportato a pag. 15 in modo che il Cliente possa beneficiare della "Pan Europe Touring Assistance" ("Pan Europa Service" per il Turista).

PORTUGUÊS

Para o concessionário autorizado para o veículo eléctrico NISSAN que fará a reparação em garantia:

Este veículo de matrícula estrangeira dispõe de Garantia Básica do Veículo para o período e quilometragem mencion-ados na página 1 deste livrete. Se o veículo se encontrar dentro do prazo de garantia de Garantia Básica do Veículo, qualquer reparação em garantia pretendida pelo condutor do veículo deve ser efectuada gratuitamente.
Em caso dúvida consultar o seu distri-buidor.

Assistência em Viagem:
Se a reparação em garantia for essencial para garantir uma continuação de viagem segura, e se a reparação não puder ser concluída no próprio dia, respeitar o seguinte procedimento: Preencher e Rubricar o certificado de avaria existente na página 15, de forma que o condutor possa usufruir da Assistência em Viagem Pan Europeia.

NEDERLANDS

Aan de erkende NISSAN-Dealer van elektrische voertuigen.

Garantiereparatie:
Dit in het buitenland geregistreerde voertuig is gegarandeerd onder de Basisgarantie voor de periode en het kilometrage als genoemd op pagina 1.
Als het voertuig valt onder Basisgarantie, moet iedere onder de garantie vallende reparatie aangevraagd door de bestuurder kosteloos uitgevoerd worden. Neem in geval van twijfel contact op met de distributeur in uw land.

Touring Assistance:
Indien de reparatie onder garantie essentieel is voor een veilige voortzetting van de reis en er wordt verwacht dat de reparatie niet meer afgerond kan worden op dezelfde dag, volg dan de volgende procedure:
Vul in en onderteken het "Breakdown Certificaat" dat staat op pagina 15, zodat de bestuurder gebruik kan maken van de Pan Europe Touring Assistance.

DANSK

Till den auktoriserede NISSAN-el-bilforhandler.

Garantireparation:
Denne udlandsregist-rerede bil er dækket af grundlæggende køretøjsgaranti inden for perioden og kilo-metertallet nævnt på side 1. Er bilen omfattet af grundlæggende køretøjsgaranti, skal enhver nødvendig garanti-reparation, som bilens fører anmoder om at få ud-ført, foretages uden om-kostning for ham eller hende.
I tvivlstilfælde bedes De venligst kontakte impor-tøren i Deres land.

Touring Assistance:
Hvis garantireparationen er afgørende for en fortsat sikker rejse, og reparationen ikke kan færdiggøres den samme dag, bemærk følgende fremgangs-måde: Udfyld og under-skriv 'Certificate of breakdown' trykt på side 15, for at bilens fører kan benytte Pan Europe Touring Assistance.

SVENSKA

Till den auktoriserade NISSAN-elbilförsäljare.

Garantireparation:
Detta utlandsregistre-rade fordon omfattas av Grundläggande fordonsgaranti för period och miltal på sidan 1.
Om fordonet omfattas av Grundläggande fordonsgaranti, skall allt nödvändigt garantiarbete som föraren begär utföras utan debitering för honom eller henne.
Vid tveksamhet, kontakta importören i ert land.

Touring Assistans:
Om garantiarbetet är väsentligt för en säker fortsättning på resan och reparationen inte kan slutföras samma dag, beakta följande: Fyll i och skriv under skadeanmälan, tryckt på sidan 15, så att föraren kan utnyttja ''NISSAN Pan Europe Touring Assistance''.

NORSK

Til NISSAN elbil autorisert forhandler.

Reparasjonsgaranti:
Denne fremmedregistrerte bilen er dekket av Grunnleggende bilgaranti i perioden og kjørelengden nevnt på side 1. Hvis bilen er innenfor Grunnleggende bilgaranti, skal alle nødvendige garantireparasjoner anmodet av føreren utføres vederlagsfritt for ham eller henne. Dersom det oppstår tvil, vennligst kontakt importøren i ditt land.

Touring Assistance:
Dersom reparasjon er nødvendig for videre, sikker kjøring, og dersom reparasjonen ikke kan utføres i løpet av dagen, utfør følgende prosedyre:
Fyll ut og signer blanketten ''Certificate of Breakdown'' på side 15, slik at kunden kan benytte sin ''Pan Europe Touring Assistance''.

SUOMI

Valtuutetulle NISSAN-sähköautojen jälleenmyyjälle.

Takuukorjaus:
Tämä ulkomailla rekisteröity ajoneuvo kuuluu Ajoneuvon perustakuun piiriin sivulla 1 mainitun ajanjakson ja kilometrimäärän puitteissa. Jos ajoneuvo kuuluu Ajoneuvon perustakuun piiriin, kaikki tarvittavat kuljettajan vaatimat takuukorjaukset pitää suorittaa asiakasta veloittamatta.
Epäselvissä tapauksissa ottakaa yhteyttä oman maanne NISSAN-maahan-tuojaan.

Touring Assistance:
Jos takuukorjaus on ehdottoman tärkeä matkan jatkamiseksi turvallisesti, ja jos korjaustyötä ei voida suorittaa valmiiksi samana päivänä,toimikaa seuraavasti: Täyttäkää ja alle-kirjoittakaa sivulla 15 oleva takuukorjaustodistus, jotta auton kuljettaja voi käyttää hyväkseen NISSANn Pan Europe Serviceetuja.

ΕΛΛΗΝΙΚΑ

Προς τον εξουσιοδοτημένο αντιπρόσωπο Ηλεκτρικών οχημάτων της NISSAN.

Επισκευή βάσει της Εγγύησης:
Αυτό το όχημα που είναι ταξινομημένο στην αλλοδαπή καλύπτεται από τη Βασική εγγύηση οχήματος για την περίοδο και τη χιλιομετρική κάλυψη που αναφέρονται στη σελίδα 1. Εάν αυτό το όχημα βρίσκεται εντός της Βασικής εγγύησης οχήματος, οποιαδήποτε απαραίτητη επισκευή που καλύπτεται από την εγγύηση και την οποία ζητά ο οδηγός πρέπει να εκτελεστεί χωρίς χρέωση προς τον οδηγό.
Σε περίπτωση αμφιβολίας επικοινωνήστε με τον Γενικό Αντιπρόσωπο στην χώρα σας.

Οδική Βοήθεια:
Εάν η επισκευή είναι απαραίτητη για την ασφαλή συνέχιση του ταξιδιού και οι εργασίες επικευής δεν είναι δυνατό να ολοκληρωθούν την ίδια ημέρα, ακολουθήστε την εξής διαδικασία:
Συμπληρώστε και υπογράψτε το πιστοποιητικό βλάβης στην σελίδα 15. Με την διαδικασία αυτή ο/η οδηγός θα μπορέσει να χρησιμοποιήσει την Πανευρωπαϊκή Οδική Βοήθεια (NISSAN PAN Europe Assistance).

BILUNARVOTTORÐ

NAFN EIGANDA

VERKSMIÐJUNÚMER

SKRÁNINGARNÚMER

Þjónustufulltrúi Nissan samþykkir hér með að eigandi þessarar Nissan bifreiðar hefur upplifað bilun í bílnum sem felur í sér ábyrgðarviðgerð sem var ekki hægt að gera við á einum degi og bifreiðin var kyrrsett í meira en sex klukkutíma.

DAGS. - -

dagur - mán - ár

UMBOÐSAÐILI/ STIMPILL / UNDIRSKRIFT

BILUNARVOTTORÐ

NAFN EIGANDA

VERKSMIÐJUNÚMER

SKRÁNINGARNÚMER

Þjónustufulltrúi Nissan samþykkir hér með að eigandi þessarar Nissan bifreiðar hefur upplifað bilun í bílnum sem felur í sér ábyrgðarviðgerð sem var ekki hægt að gera við á einum degi og bifreiðin var kyrrsett í meira en sex klukkutíma.

DAGS. - -

dagur - mán - ár

UMBOÐSAÐILI/ STIMPILL / UNDIRSKRIFT

ENDURGREIÐSLUKVITTUN VEGAAÐSTOÐAR

Ég staðfesti hér með að hafa tekið á móti greiðslu að upphæð kr.:

UNDIRSKRIFT EIGANDA

DAGS - -

Dags. - mán - ár

UNDIRSKRIFT UMBOÐSAÐILA / STIMPILL

ENDURGREIÐSLUKVITTUN VEGAAÐSTOÐAR

Ég staðfesti hér með að hafa tekið á móti greiðslu að upphæð kr.:

UNDIRSKRIFT EIGANDA

DAGS - -

Dags. - mán - ár

UNDIRSKRIFT UMBOÐSAÐILA / STIMPILL

9. UPPLÝSINGAR UM VIÐHALD OG ÞJÓNUSTU

Í kafla 2 fremst í þessari bók (límmiði) eru upplýsingar um reglubundið viðhald fyrir Nissan rafbíla. Þar sést hvenær á að koma með Nissan rafbíla í reglubundið viðhald samkvæmt ráðleggingum Nissan. Í kaflanum er einnig að finna upplýsingar um sérstakar afmarkaðar aðgerðir varðandi viðhald. Í kaflanum hér að neðan finnur þú nánari upplýsingar um þær kröfur sem Nissan gerir varðandi viðhald Nissan rafbíla.

Kafli (9.1) inniheldur upplýsingar um almennt viðhald sem eigandi ber ábyrgð á og getur framkvæmt sjálfur. Ekkert mælir á móti að láta viðurkenndan þjónustuaðila Nissan rafbíla sjá um þennan hluta viðhaldsins eða aðra viðurkennda þjónustuaðila rafbíla. Í kafla 2 er viðhaldslisti sem gildir fyrir þinn rafbíl og nánari upplýsingar um það sem krafist er í köflum (9.1) og (9.2) hér að neðan.
Kafli (9.2) inniheldur upplýsingar um reglubundið viðhald sem Nissan gerir kröfur um.
Kafli (9.3) inniheldur upplýsingar um viðbótarviðhald sem kann að vera nauðsynlegt sé bíllinn notaður við krefjandi aðstæður.

Athugið: Viðurkenndur þjónustuaðili Nissan rafbíla veitir allar nánari upplýsingar um nauðsynlega viðhaldsþjónustu ef eitthvað er óljóst og þú telur þig þurfa á nánari útskýringum að halda.

9.1 ALMENNT VIÐHALD

Nýr Nissan rafbíll er hannaður fyrir lágmarksviðhald og lengri tíma á milli skoðana til að spara þér bæði tíma og peninga. Hins vegar er eitthvert reglulegt viðhald nauðsynlegt til að viðhalda góðu vélrænu ástandi og mengunar- og vélareiginleikum ökutækisins.

Eigandinn ber ábyrgð á því að bæði sértæku og almennu viðhaldi sé sinnt.

Sem eigandi/umráðamaður ökutækisins ert þú sá eini
sem getur tryggt að það fái tilhlýðilegt viðhald. Þú ert mikilvægasti hlekkurinn í viðhaldskeðjunni.

ALMENNT VIÐHALD

Almennt viðhald felur í sér þá þætti sem skoða þarf við daglegan rekstur ökutækisins. Þeir eru grundvallaratriði í því að ökutækið starfi áfram rétt og eðlilega. Þú berð ábyrgð á því að sinna slíku viðhaldi reglulega eins og mælt er fyrir um.

Slíkar skoðanir getur þú, tæknimaður með tilskilin réttindi eða, ef þú kýst það frekar, þjónustuaðili Nissan rafbíla framkvæmt.

⚠ AÐVÖRUN

- Sé almennu viðhaldi ekki sinnt getur það leitt til minni virkni og jafnvel bilunar og þar af leiðandi komið í veg fyrir gildandi ábyrgð.
- Þegar þú framkvæmir eftirlit eða viðhald skaltu lesa þér til og gæta að varúðarráðstöfunum sem getið er um í eigandahandbók bílsins.

REGLUBUNDIÐ VIÐHALD

Viðhaldshlutirnir sem tilgreindir eru í þessum hluta þarfnast reglulegra viðhaldsskoðana. Séu akstursaðstæður hins vegar erfiðar er þörf á tíðari viðhaldsskoðunum.

HVERT FER BÍLLINN Í SKOÐUN ?

Sé þörf á viðhaldi eða ökutækið virðist vera í ólagi, láttu þá viðurkenndan þjónustuaðila Nissan rafbíla yfirfara það.

Tæknimenn Nissan eru vel þjálfaðir sérfræðingar og ávallt upplýstir um nýjustu strauma og tækni með fréttabréfum, ábendingum og þjálfun sem fer fram hjá umboðinu. Þeir öðlast öll tilskilin réttindi og hæfni áður en þeir sinna viðhaldi á Nissan rafbílum.

Þú getur verið þess fullviss að viðurkenndur þjónustuaðili Nissan rafbíla er best til þess fallinn að sinna viðhaldi á ökutækinu á öruggan og hagkvæman hátt.

ÚTSKÝRINGAR Á ALMENNU VIÐHALDI
Í daglegum rekstri ökutækisins þarf að sinna reglulegu viðhaldi eins og mælt er með í þessum kafla. Geri óvenjulegt hljóð, titringur eða lykt vart við sig, skaltu skoða málið og/eða fela þjónustuaðila Nissan rafbíla að gera ráðstafanir eins fljótt og auðið er og gera við ef þörf krefur.

⚠ AÐVÖRUN
